

11. gr.

§ 342 d) liður verður svohljóðandi:

d) Sérákvæði um bílageymslur íbúðarhúsa fyrir 1—2 bíla.

Að öðru leyti en segir í þessum lið gilda ákvæði staflíða a) til c). Ekki eru gerðar meiri kröfur um vatnsvörn en fram kemur hér á eftir nema sérstakar ástæður, svo sem óvenjuleg gerð eða notkun bílageymslunnar, komi til. Ef upphitun er engin gilda ákvæði § 334 varðandi vatnsvörn.

1. Nota má venjulegan búnað raflagnar í lofti og veggjum ofan 1,1 m hæðar frá gólfi bílageymslunnar.
2. Tenglar og rofar mega vera af venjulegri gerð séu þeir ofan 1,1 m hæðar frá gólfi bílageymslunnar, annars a.m.k. dropavarðir (IPX1).
3. Lampabúnaður á lofti og veggjum má vera af venjulegri gerð ofan 1,5 m hæðar frá gólfi bílageymslunnar, annars a.m.k. dropavarinn (IPX1).
4. Önnur neyslutæki, svo sem rafmagnsofnar og -hreyflar mega vera af venjulegri gerð séu þeir ofan 1,1 m hæðar frá gólfi, annars a.m.k. dropavarðir (IPX1).
5. Töfluskápar skulu vera a.m.k. af hlífðarflokki IP21. Varðandi hæð töflu frá gólfi sjá § 268.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 60/1979 um Rafmagnseftirlit ríkisins og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. júlí 1987.

Friðrik Sophusson.

Páll Flygenring.

Nr. 379

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1986.

Rekstrartekjur:

	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendar innheimtu	966 625,00
Innheimtuþóknun önnur	574 586,00
Endurkrafinn innheimtukostnaður	1 109 849,00
Vextir	15 299 335,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	0
	17 950 395,00

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	6 949 813,00
Annar rekstrarkostnaður	2 538 407,00
Gjaldfærð fjárfesting	3 145 745,00
	12 633 965,00
Hagnaður	5 316 430,00

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1986.**Eignir:**

Sjóður	2 570 206,00
Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands	4 053 547,00
Skuldabréfaeign	50 000,00
Ógreidd innheimtuþóknun	542 182,00
Óinnheimtar kröfur	626 598 788,00
Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar	0
	<hr/>
	633 814 723,00
	<hr/> <hr/>

Skuldir:

Ógreiddur kostnaður	1 508,00
Tryggingastofnun ríkisins	20 905 639,00
Erlendar innheimtur	491 772,00
Félagsmálaráðuneytið	220 625,00
	<hr/>
	21 619 544,00
Framlag Jöfnunarsjóðs	556 515 493,00
Dráttarvextir óinnheimtir	50 363 256,00
Óráðstafað eigið fé	5 316 430,00
	<hr/>
	633 814 723,00
	<hr/> <hr/>

Reykjavík, 29. júní 1987.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Guðmundur Vignir Jóséfsson, formaður.
Steinþór Júlíusson.

Hallgrímur Dalberg.
Árni Guðjónsson.

12. ágúst 1987

Nr. 380

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld í Hveragerði.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Hveragerði, þar með talið bílskúrum og geymslum, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skal greiða gatnagerðargjald í A-flokki til bæjarsjóðs eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

2. gr.

Af öllum fasteignum í Hveragerði, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir, fyrir gildistöku þessarar reglugerðar skal greiða gatnagerðargjald í B-flokki til bæjarsjóðs, enda sé lokið við að leggja bundið slitlag á viðkomandi götu ásamt gangstéttum og ekki lengri tími liðinn en fimm ár frá því að framkvæmdum var lokið. Ekki skal greiða gatnagerðargjald í B-flokki af þeim fasteignum, sem veitt hefur verið byggingarleyfi fyrir, eftir að reglugerð þessi tekur gildi.